

# Lög

## um búfjárhald o.fl.

### I. KAFLI

#### Markmið, yfirstjórn og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja góðan aðbúnað búfjár, að það hafi ætíð nægilega beit/fóður og vatn, að við framleiðslu búfjárafurða sé eingöngu notað hraust og heilbriggt búfé, enn fremur að setja reglur um vörslu búfjár og afla hagtalna.

##### 2. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lúta að meðferð búfjár og eftirliti með búfjárhaldi sem kveðið er á um í lögum þessum.

Með búfé er í lögum þessum átt við alifugla, geitfé, hross, kanínur, loðdýr, nautgripi, sauðfé og svín. Rísi ágreiningur um hvað skuli falla undir hugtakið búfé sker landbúnaðarráðherra úr.

##### 3. gr.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Aðbúnaður búfjár* er umhirða, húsakostur og/eða skjól.
- Friðað svæði* er land afmarkað vörslulínu sem hindrar aðgang búfjár.
- Gripheld girðing* er mannvirki úr ýmsu efni sem reist er til að hindra frjálsta för búfjár. Hún er breytileg að gerð og gæðum eftir tegund. Girðing getur miðast við aldur og kyn-eiginleika búfjár, verið fjárheld, hrossheld, nautgripaheld, graðpeningsheld o.s.frv.
- Hagaganga* er það þegar eigandi búfjár kemur því í haga til annars aðila án þess að taka landið á leigu og gerir um það samning. Sá aðili verður þar með umráðamaður búfjárins.
- Landspilda* er ákveðinn hluti lands sem afmarkaður hefur verið.
- Lausaganga* er þegar búfé getur gengið í annars manns land í óleyfi.
- Lausagöngubann* er bann sem sveitarstjórn samþykkir fyrir sveitarfélagið í heild eða hluta þess og auglýsir í Stjórnartíðindum til að koma í veg fyrir lausagöngu búfjár, einnar tegundar eða fleiri.
- Umráðamaður búfjár* er eigandi búfjár eða aðili sem er ábyrgur fyrir fóðrun, aðbúnaði, og vörslu þess í samræmi við gildandi reglur í viðkomandi sveitarfélagi og samkvæmt samningi milli aðila.
- Umráðamaður lands* er sá aðili sem hefur rétt til að ráðstafa nýtingu landsins.

10. *Tilsjónarmaður* er sá aðili sem tekið hefur að sér fóðrun og eftirlit með aðbúnaði en ber ekki ábyrgð á því nema gerður hafi verið um það samningur og er hann þá þar með orðinn umráðamaður búfjár.
11. *Varsla búfjár* er þegar umráðamaður búfjár heldur því innan afmarkaðs svæðis.
12. *Vörslukrafa* er krafa eða viðmiðun um gerð og gæði tiltekinnar vörslu, mismikil eftir tegund, aldri og kyneiginleikum búfjár.
13. *Vörslulína* er gripheld girðing, hlið og önnur mannvirki svo og náttúrlegur farartálmi sem kemur algerlega í veg fyrir frjálsta för búfjár allt árið eða á þeim tímum árs þegar búfjár er von á svæðinu.
14. *Vörsluskýlda* er skilyrðislaus krafa um að umráðamaður búfjár ábyrgist að búfé í umsjá hans sé haldið innan afmarkaðs svæðis allt árið eða tiltekna hluta þess.

## II. KAFLI

### Takmörkun búfjárhalds.

#### 4. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir alla þá sem halda búfé. Skrá skal bæði hjón, alla aðila félagsbús og bústjóra og stjórnarformenn annarra félaga. Skrána skal uppfæra árlega og senda fyrir 15. janúar ár hvert búnaðarsamböndum, héraðsdýralæknum og Bændasamtökum Íslands og skulu samtökin halda heildarskrá fyrir allt landið.

#### 5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja samþykkt um búfjárhald. Landbúnaðarráðherra staðfestir slíka samþykkt og birtir í Stjórnartíðindum að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

Í samþykktum sveitarstjórna um búfjárhald má ákveða að tiltekið búfjárhald sé með öllu bannað í viðkomandi sveitarfélagi eða takmarkað á tilteknum svæðum innan sveitarfélagsins. Verði búfjáreigandi fyrir atvinnutjóni vegna banns eða takmarkana á búfjárhaldi, þannig að bótum varði, skal greiða bætur úr sveitarsjóði.

Um mat bóta skv. 2. mgr. skal fara að hætti mats á eignarnámsbótum og sér matsnefnd eignarnámsbóta um framkvæmd matsins.

## III. KAFLI

### Varsla búfjár.

#### 6. gr.

Sveitarstjórnnum, einni eða fleiri samliggjandi sveitarfélaga, er heimilt, til að koma í veg fyrir ágang búfjár, að ákveða að umráðamönnum búfjár sé skylt að hafa það í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Heimild þessi getur jafnt tekið til alls umdæmis viðkomandi sveitarfélags eða afmarkaðra hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.

Þar sem sveitarstjórn hefur gert umráðamönnum búfjár skylt að hafa búfé í vörslu skal vera gripheld girðing og ber umráðamaður búfjár ábyrgð á að svo sé. Um kostnað við uppsetningu girðinga og viðhald fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

#### 7. gr.

Graðpeningi skal haldið í vörslu sem hér segir:

1. Naut, 6 mánaða og eldri, allt árið.
2. Hrútar og hafrar, á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.
3. Graðhestar eða laungraðir hestar, 10 mánaða og eldri, allt árið.

4. Aðrar búfjártegundir en framan greinir, allt árið.

Sveitarstjórn skal hlutast til um að graðþeningur, sem ekki er í öruggri vörslu, sé handsamaður og honum komið í örugga vörslu. Eigandi getur leyst til sín viðkomandi graðþening gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Við ítrekuð brot skal graðhestur seldur nauðungarsölu samkvæmt nauðungarsölulögum en felldur verði hann ekki seldur. Öðrum graðþeningi skal slátrað og sölu- eða frálagsverð látið mæta áföllnum kostnaði.

8. gr.

Umráðamanni lands er heimilt að ákveða að tiltekið og afmarkað landsvæði sé friðað svæði og er þá umgangur og beit búfjár þar bönnuð. Slík ákvörðun skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi og skal liggja fyrir umsögn búnaðarsambands um að vörslulínur séu fullnægjandi og uppfylli ákvæði laganna, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal auglýsa slíka ákvörðun í Stjórnartíðindum. Umráðamaður lands skal fyrir 15. júní á hverju vori framvísa til sveitarstjórnar umsögn búnaðarsambands um að vörslulína sé fullnægjandi. Um skiptingu kostnaðar við vörslulínu á landamerkjum fer eftir ákvæðum girðingar- og vegalaga.

9. gr.

Komist búfé inn á friðað svæði, sbr. 8. gr., skal umráðamaður lands ábyrgjast handsömun þess og koma því í örugga vörslu. Skal hann þá þegar kanna hver er réttur eigandi að hinu handsamaða búfé og tilkynna honum þegar í stað hvar búféð er. Hafi umráðamaður búfjár ekki fundist eða sinnt fyrirmælum um að sækja búféð innan tveggja sólarhringa frá tilkynningu er umráðamanni lands heimilt að afhenda viðkomandi sveitarstjórn búféð. Umráðamaður lands ber ábyrgð á því að búfé hafi nægilegt fóður og vatn á meðan það er í vörslu hans. Sveitarstjórn og umráðamaður lands eiga lögveð í búfénu fyrir sannanlegum kostnaði.

#### IV. KAFLI

##### Um forðagæslu, eftirlit og talningu búfjár.

10. gr.

Búfjäreftirlit er á ábyrgð sveitarfélaga og skal rekið sameiginlega, að minnsta kosti af minni sveitarfélögum, á starfssvæðum sem kveðið er á um í reglugerð, sbr. 4. tölul. 17. gr.

Sveitarfélög skulu ráða búfjäreftirlitsmann, einn eða fleiri eftir umfangi hvers svæðis, og sjá honum fyrir starfsaðstöðu og búnaði til starfsins. Búfjäreftirlitsmenn hafa eftirlit með ásetningi búfjár, aðbúnaði, fóðrun og beit, auk annarra verkefna sem þeim eru falin. Til starfsins skal velja menn sem hafa a.m.k. búfræðimenntun. Áður en búfjäreftirlitsmenn taka til starfa skulu þeir sækja sérstakt námskeið á vegum Bændasamtaka Íslands sem samræmir jafnframt framkvæmd búfjäreftirlits. Bændasamtök Íslands skulu útbúa sérstaka handbók fyrir búfjäreftirlitsmenn með helstu upplýsingum. Um sérstakt hæfi búfjäreftirlitsmanna fer eftir stjórnsýslulögum, nr. 37/1993.

Sveitarfélög á hverju starfssvæði geta með samkomulagi sín í milli falið sérstökum aðila umsjón með fjárreiðum og aðstöðu fyrir búfjäreftirlitið, t.d. búnaðarsamböndum, eða falið stærsta sveitarfélaginu að hafa umsjón með þessum þáttum.

Kostnaður við búfjäreftirlit greiðist af sveitarfélögunum. Sveitarstjórn er þó heimilt að krefja umráðamann búfjár um kostnað sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu gripa, sbr. 9., 15. og 16. gr., samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra.

Á hverju búfjäreftirlitssvæði sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag starfar búfjäreftirlitsnefnd skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara og eru þeir valdir af sveitar-

félögnum eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára. Búfjárefnirlitsnefnd kemur saman a.m.k. tvisvar á ári, þ.e. að vori og hausti. Búfjárefnirlitsnefnd annast yfirstjórn búfjárefnirlitsins fyrir hönd sveitarfélaganna, gerir fjárhagsáætlanir um rekstur eftirlitsins og leggur þær fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Búfjárefnirlitsmenn gefa búfjárefnirlitsnefnd skýrslu um störf sín á fundum nefndarinnar.

#### 11. gr.

Á hverju hausti og eigi síðar en 1. nóvember sendir búfjárefnirlitsmaður öllum umráðamönnum búfjár á sínu starfssvæði haustskýrslu frá Bændasamtökum Íslands til útfyllingar ásamt reglum um útfyllingu. Á skýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund og allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu það er. Einnig skal koma fram aðbúnaður alls búfjár, gróffóðurforði af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum og fyrningar auk upplýsinga um aðra fóðuröflun. Ef til er gagnagrunnur þar sem upplýsingar þessar liggja fyrir getur landbúnaðarráðuneytið heimilað að fella niður þessa upplýsingaöflun. Umráðamaður búfjár skal senda haustskýrslu útfyllta til viðkomandi búfjárefnirlitsmanns í síðasta lagi 20. nóvember. Hafi búfjárefnirlitsmaður ekki fengið haustskýrslu útfyllta frá einhverjum umráðamanni búfjár fyrir tilskilinn frest skal hann fara og skoða hjá viðkomandi og ber umráðamaður búfjár kostnaðinn af því í samræmi við gildandi gjaldskrá. Slíkri skoðun skal lokið eigi síðar en 20. desember ár hvert.

#### 12. gr.

Búfjárefnirlitsmaður skal á hverjum vetri, fyrir 15. apríl, fara í eftirlitsferð til allra umráðamanna búfjár í umdæmi sínu sem ekki starfrækja innra eftirlit sem viðurkennt hefur verið af héraðsdýralækni. Búfjárefnirlitsmaður lítur eftir aðbúnaði búfjár og fóðrun og sannreynir fjölda búfjár. Þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við aðbúnað og/eða fóðrun búfjár á síðustu 15 mánuðum, miðað við 15. apríl, skal búfjárefnirlitsmaður halda uppi sérstöku eftirliti, t.d. með því að fara í aukaeftirlitsferðir.

Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr.

#### 13. gr.

Búfjárefnirlitsmaður sendir frumrit og fyrsta afrit af útfylltum búfjárefnirlitsskýrslum skv. 11. gr. til viðkomandi búnaðarsambands eigi síðar en 31. desember ár hvert. Búnaðarsamband yfirfer gögnin og sendir Bændasamtökum Íslands frumritið eigi síðar en 20. janúar. Bændasamtökin annast úrvinnslu þeirra upplýsinga sem fram koma á skýrslunum. Það sama á við um skýrslur skv. 12. gr. komi þar fram breytingar á fjölda búfjár. Upplýsingar úr skýrslunum eru heimilar til afnota fyrir Hagstofu Íslands, Hagþjónustu landbúnaðarins, Bændasamtök Íslands og aðra opinbera aðila að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins.

Leiki rökstuddur grunur á að talningu búfjár hafi verið ábótavant er landbúnaðarráðherra heimilt að ákveða sérstaka talningu búfjár.

#### 14. gr.

Séu gripir í hagagöngu á eyðijörðum eða landspildum þar sem ekki er föst búseta skal umráðamaður búfjár ætíð tilgreina tilsjónarmann, fyrirframsamþykktan af sveitarstjórn, sem sér um fóðrun og eftirlit með aðbúnaði búfjárins og viðkomandi beitolöndum. Umráðamaður búfjár ber alltaf ábyrgð á fóðrun, beit og aðbúnaði. Nafn tilsjónarmanns skal skráð á viðkomandi búfjárefnirlitsskýrslum. Umráðamaður lands er ábyrgur fyrir því að fullnægjandi upplýsingar séu til um fjölda búfjár í hagagöngu og umráðamann þess.

## 15. gr.

Meini umráðamaður búfjár búfjäreftirlitsmanni um aðgang að gripahúsum og/eða beiti-löndum þannig að ekki verði komið við eftirliti og upplýsingaöflun samkvæmt lögum þessum skal búfjäreftirlitsmaður tilkynna sveitarstjórn það samdægurs. Takist sveitarstjórn ekki að leiða málið til lykta innan tveggja sólarhringa skal sveitarstjórn óska eftir aðstoð lögreglustjóra og jafnframt tilkynna það til landbúnaðarráðherra. Lögreglustjóri skal, þegar hann fær tilkynninguna, fela lögreglu að fara innan sólarhrings með búfjäreftirlitsmanni til skoðunar og eftirlits. Óheimilt er að fara í þessum tilgangi inn í gripahús án leyfis ábúenda eða umráðamanns búfjár nema að undangengnum dómsúrskurði. Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað sem af aðgerðum þessum hlýst og fer um gjaldtöku eftir gildandi gjaldskrá, sbr. 4. mgr. 10. gr. Sveitarstjórn og lögreglustjóri eiga lögveð í búfé umráðamanns þess eða kröfurétt í aðrar eignir hans.

## 16. gr.

Komi í ljós að fôðrun eða aðbúnaði búfjár er ábótavant skal búfjäreftirlitsmaður tilkynna það sveitarstjórn og héraðsdýralækni samdægurs. Hver sá sem verður var við að umráðamann búfjár skorti hús, fôður eða beit fyrir búfé sitt, hann vanfóðri það eða beiti það harðýðgi skal tilkynna það héraðsdýralækni. Berist upplýsingar um vanfôðrun, harðýðgi eða slæman aðbúnað búfjár beint til dýralæknis, búnaðarsambands eða lögreglu skal tilkynna það héraðsdýralækni samdægurs. Hann skal þá innan tveggja sólarhringa fara á staðinn og meta ástand búfjárins og aðbúnað. Héraðsdýralækni er skylt að kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis sér til aðstoðar við aðgerðir samkvæmt þessari grein. Héraðsdýralæknir og héraðsráðunautur eða fulltrúi yfirdýralæknis skulu gefa umráðamanni búfjár skrifleg fyrir-mæli um ráðstafanir telji þeir það nauðsynlegt og upplýsa sveitarstjórn um málið. Veita skal mest einnar viku frest til úrbóta ef um vanfôðrun eða harðýðgi er að ræða en mest þriggja vikna frest ef aðbúnaði er ábótavant og skal gefa umráðamanni búfjár mest fjögurra sólarhringa frest til andmæla.

Neiti umráðamaður búfjár eftirlitsaðilum um aðgang að gripahúsum og/eða beiti-löndum þannig að ekki verði komið við eftirliti skal héraðsdýralæknir tilkynna lögreglustjóra það skriflega innan sólarhrings og skal lögreglustjóri þá óska eftir dómsúrskurði innan sólarhrings frá tilkynningu.

Virði umráðamaður búfjár ekki þær ráðstafanir sem lagðar voru fyrir eða geti ekki orðið við þeim og/eða héraðsdýralæknir telur úrbætur ekki þola bið skal lögreglustjóri taka búfé úr vörslu umráðamanns búfjár innan tveggja sólarhringa.

Lögreglustjóri skal ráðstafa búfé í samráði við héraðsdýralækni og sveitarstjórn eftir vörslusviptingu. Heimilt er að aflífa búféð að undangengnum fjögurra sólarhringa andmæla-fresti umráðamanns búfjár.

Héraðsdýralæknir getur í samráði við yfirdýralækni aflífað innan sólarhrings búfé sem orðið hefur fyrir varanlegum skaða sökum vanfôðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Lögreglustjóri ber ábyrgð á þeim aðgerðum.

Í öllum tilvikum ber sveitarstjórn að útvega fôður, hlutast til um fôðrun og aðbúnað eða ráðstafa búfé til fôðrunar þar til það hefur verið tekið úr vörslu búfjáreiganda. Sjái sveitarstjórn sér ekki fært að útvega fôður, hlutast til um fôðrun eða sjá um aðbúnað búfjárins skal þegar grípa til vörslusviptingar, sbr. 3. mgr.

Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Um gjaldtöku vegna eftirlits fer samkvæmt gildandi gjaldskrá, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. Sveitar-

stjórn, lögreglustjóri og eftirlitsaðilar eiga lögveð í búfénu vegna kostnaðar sem hlýst af framkvæmd þessarar greinar eða kröfurétt í aðrar eignir hans. Þó skal viðkomandi eftirlitsaðili bera kostnað sem hlýst af tilefnislausri tilkynningu.

V. KAFLI  
**Ýmis ákvæði.**

17. gr.

Landbúnaðarráðherra getur m.a. sett eftirfarandi reglugerðir um nánari framkvæmd laganna:

1. Reglugerð um merkingar búfjár þar sem kveðið er á um að umráðamönnum búfjár sé skylt að merkja allt búfé sitt samkvæmt viðurkenndu merkingar- og skráningarkerfi.
2. Reglugerð um vörslu búfjár. Í reglugerðinni skal fjallað um almenn ákvæði um vörslu búfjár af hverri tegund og einnig kveðið á um almennar reglur um framkvæmd þeirrar vörslu.
3. Reglugerðir um aðbúnað og meðferð búfjár. Ráðherra gefur út reglugerð fyrir hverja einstaka búfjártegund, í samvinnu við viðkomandi búgreinasamband, Bændasamtök Íslands og yfirdýralækni. Í reglugerðunum skal kveðið á um mismunandi reglur sem gilda um búfé eftir tegund og aldri þess. Í reglugerðum um aðbúnað skal kveðið á um leyfi til framleiðslu og sölu afurðanna og skilyrði sem umráðamenn búfjár þurfa að uppfylla til að öðlast slíkt leyfi. Eins skal kveðið á um aðgerðir ef framleiðendur eru sviptir framleiðsluleyfi. Eftirlit með framkvæmd aðbúnaðarreglugerða skal falið búfjárefirlitsmönnum og héraðsdýralæknum.
4. Reglugerð um starfssvæði búfjárefirlits og framkvæmd þess, svo sem forðagæslu, eftirlitið sjálft og talningu búfjár. Í reglugerðinni skal m.a. fjalla um haust- og vor-skýrslur.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum og samþykktum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi, ef miklar sakir eru. Hafi búfjáreigandi gerst sekur um illa meðferð á búfé skal honum bannað að eiga eða halda búfé. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl., ásamt síðari breytingum. Reglugerðir sem settar hafa verið með heimild í eldri lögum halda gildi sínu þar til þær hafa verið endurskoðaðar að svo miklu leyti sem þær samrýmast lögum þessum.

---

*Samþykkt á Alþingi 2. maí 2002.*